

<b>Langa:</b>	
8×7 r/l .....	214.00
10×5 .....	253.81
Blokk .....	238.88
<b>Keila:</b>	
8×7 r/l .....	214.00
Blokk .....	194.09
<b>Grálúða:</b>	
Heilfr. hausuð yfir 2 kg .....	166.26
Heilfr. hausuð að 2 kg .....	101.04
Heilfr. m/h Rússl. ....	96.84
4×12 lagp. ....	280.68
6×10 .....	268.74
Blokk U.S.S.R. ....	214.00
Blokk U.S.A. ....	197.07
Heilfrystur fiskur 3×9 kg .....	121.89

Verðbil verður 4%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi gildir meðan sjóðurinn fær risið undir greiðslu verðbóta af eigin fé samkvæmt viðmiðunarverðum þó eigi skemur en til 1. ágúst n. k. og eigi lengur en til 30. september n. k.

*Sjáarútvegsráðuneytið, 12. júní 1978.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

um stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar.

### I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Akraness er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, er henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, sem hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

- A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
1. Árlega ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir hvert reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal þar greina hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
  2. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
  3. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
  4. Bæjarstjórn skal hafa tekið ársreikninga bæjarins til meðferðar eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
  5. Bæjarstjórn kveður á um lántökur og ábyrgðir kaupstaðarins, þó er bæjarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán, án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taki lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í samþykkt þessari eða öðrum reglugerðum, svo og endurskoðendur reikninga kaupstaðarins. Enn fremur skipar hún ásamt bæjarráði fasta starfsmenn bæjarins, setur þeim erindisbréf, sbr. 63. gr. og semur um laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglugerðir um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðarleigur, gjaldskrár bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI

### Fundarsköp bæjarstjórnar.

#### 3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, er hlotið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa.

Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, um hverja skuli kjósa.

Verður sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skiptið.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

#### 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar, hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, allar tillögur skráðar og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

#### 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabóka, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Bæjarstjórn ákveður þóknun til fundarritara.

Í gerðabók skal þess geta hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Auk þess skal færa í gerðabókina tillögur og úrslit mála.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Einnig er heimilt að afgreiða fundargerð á næsta bæjarstjórnarfundi. Hver fulltrúi, sem eigi er samröma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

#### 7. gr.

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, 2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar og skal fundur hefjast kl. 16.00, nema bæjarráð ákveði annað.

Heimilt er bæjarstjórn að fengnu samþykki bæjarráðs, að fella niður fundi í júlí eða ágúst.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra eða ef þrír bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

#### 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. og sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögumatri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, eða flytja tillögu, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en kl. 11.00 á föstudegi næstan fyrir fund. Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjalla. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt. Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara. Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem á dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

#### 9. gr.

Auglýsa skal venjulega fundi bæjarstjórnarinnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara á sama hátt og venja er til að birta opinberar tilkynningar á Akranesi. Greina skal í fundarlýsingu efni dagskrár í höfuðdráttum.

#### 10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseta ráðrúm til þess að semja tillögu ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar og með því að fresta því. Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslu skuli hagað.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál fara fram tvær umræður og líði ein vika hið skemmsta milli umræðna.

#### 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð.

Nöfnum bæjarfulltrúa skal bæta á skrána, í rétri röð í stað nafna þeirra, sem fjarverandi eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti telur gilda. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

#### 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn aðaltillögu svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar geti talað á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

#### 15. gr.

Framsögumaður aðaltillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá, skal hann hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

Þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki fundurinn afbrigðin. Bæjarstjóri getur frestað til næsta fundar að svara, telji hann ástæðu til.

#### 16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargjörð nefndar, annarrar en bæjarráðs, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða. Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

#### 17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umæðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til, að umræðum verði lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umærðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram líkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

#### 18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum, eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

#### 19. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

## III. KAFLI

## Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

## 20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli. Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði og öðrum nefndum o. s. frv. Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar setið í bæjarráði eða fastanefnd, getur þó skorast undan kosningu í jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl kaupstaðarins.

## 22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn og nefndum bæjarstjórnar.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda, er laun taka.

## 23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann er kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúa-starfi

## IV. KAFLI

## Um kosningar, skipan og starfssvið bæjarráðs og annarra nefnda.

## 25. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn auk þeirra, sem áður er getið, til þess að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir eða sérstakar samþykktir.

A. Til eins árs á fundi sínum í júnímánuði:

1. Þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Fimm menn í hafnarnefnd og þrjú til vara.
4. Þrjú menn í yfirkjörstjórn skv. lögum nr. 50/1959, sem jafnframt sé yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.
5. Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú menn til vara.
6. Tvo endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs og stofnana hans og tvo menn til vara.
7. Þrjú vélbátaformenn til eftirlits með róðratíma skv. reglugerð nr. 20/1953 og þrjú til vara.

B. Til eins árs á fyrri fundi sínum í febrúarmánuði:

1. Fimm menn í þjóðhátíðarnefnd.
2. Þrjú menn í framtalsnefnd og þrjú til vara.

## C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. Þrjú menn í stjórn Sjúkrahúss Akraness og þrjú til vara.
2. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Akraness og fjóra til vara.
3. Fimm menn í skólanefnd grunnskóla og fimm til vara.
4. Fimm menn í skólanefnd Fjölbrautaskólans á Akranesi og fimm til vara.
5. Þrjú menn í stjórn Rafveitu Akraness og þrjú til vara.
6. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
7. Fimm menn í æskulýðsnefnd og fimm til vara.
8. Þrjú menn í íþróttanefnd og þrjú til vara.
9. Tvo menn í sundlaugarnefnd og tvo til vara.
10. Þrjú menn í stjórn íþróttahúss og þrjú til vara.
11. Fimm menn í stjórn byggðasafnsins.
12. Fjóra menn í stjórn bókasafns og fjóra til vara.
13. Fimm menn í stjórn Menningarsjóðs og fimm til vara.
14. Fjóra menn í brunamálanefnd og fjóra til vara.
15. Þrjú menn í umferðarnefnd og þrjú til vara.
16. Þrjú menn í heilbrigðisnefnd og þrjú til vara.
17. Þrjú menn í náttúruverndarnefnd og þrjú til vara.
18. Þrjú menn í stjórn námsflokka Akraness og þrjú til vara.
19. Einn mann í stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar og einn til vara.
20. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og sex til vara.
21. Þrjú menn á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjú til vara.
22. Fimm á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og fimm til vara.
23. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
24. Tvo menn í stjórn Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar.
25. Tvo menn í hafnarnefnd Grundartangahafnar og tvo til vara.
26. Fjóra menn í fulltrúaráð Grundartangahafnar og fjóra til vara.
27. Fjóra menn í stjórn Dvalarheimilisins Höfða og fjóra til vara.
28. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
29. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
30. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara.
31. Þrjú menn í stjórn leiguíbúða og þrjú til vara.
32. Tólf menn í sjó- og verslunardóm.
33. Einn forðagæslumann.
34. Tvo sáttamenn og tvo til vara.

## D. Til tveggja ára á febrúarfundi árið sem aðalfund skal halda í félaginu Andakílsvirkjun:

1. Þrjú menn í Andakílsárvirkjunar og þrjú til vara.
2. Einn endurskoðanda reikninga Andakílsárvirkjunar og einn til vara.

## 26. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert skulu kosnir hlutfallskosningu þrjár bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kosinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í viku. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega. Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint í dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess verður óskað. Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar

ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er bæjarráði að ráða fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

#### 27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Akraneskaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki fengin öðrum skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarráð tekur að jafnaði fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum eða samkv. eðli máls. Ekki getur þó bæjarráð tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

#### 28. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir. Bæjarráð ákveður, hvornig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

#### 29. gr.

Skyll er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og bæjarstjóri eða bæjarráð óskar.

#### 30. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið, fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða getur bæjarstjórn sett þær. Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal lítið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.

#### 31. gr.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar.

#### 32. gr.

Bygginganefnd skipa fjórir menn og fjórir til vara, auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórar. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir á sama hátt. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

#### 33. gr.

Hafnarnefnd skipa fimm menn og þrjár til vara. Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt reglugerð hafnarinnar og lögum um hafnargerðir og lendingarbætur.

#### 34. gr.

Í stjórn Sjúkrahúss Akraness kys bæjarstjórn þrjú menn og þrjár til vara. Starfsmenn sjúkrahússins kjósa tvo menn og tvo til vara. Stjórnin hefur á hendi stjórn sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar.

**35. gr.**

Í stjórn Sjúkrasamlags Akraness kys bæjarstjórn fjóra menn og jafnmarga til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varða lögum samkvæmt.

**36. gr.**

Skólanefnd grunnskólans er skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Skólanefnd kys sér formann, varaformann og ritara úr hópi nefndarmanna. Nefndin hefur umsjón og eftirlit með skólum grunnskólastigsins lögum samkvæmt.

**37. gr.**

Skólanefnd Fjölbrautaskólans er skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Nefndin kys sér formann, varaformann og ritara úr hópi nefndarmanna. Skólanefndin hefur umsjón og eftirlit með Fjölbrautaskólanum, lögum samkvæmt.

**38. gr.**

Félagsmálaráð er skipað fimm mönnum og fimm til vara. Ráðið kys formann og ritara úr sínum hópi. Ráðið skal fjalla um framfærslumál, barnavernd, dagvistunarmál barna, leikvelli, vinnuskóla fyrir unglínga, heimilishjálp, þjónustu við aldraða, vetrarhjálp og almenna félagslega þjónustu. Ráðið kys úr sínum hópi tvo menn í nefnd, er fer með dagvistunarstofnanir fyrir börn. Kvenfélag Akraness tilnefnir þriðja manninn í nefnd þessa.

**39. gr.**

Æskulýðsnefnd er skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Æskulýðsnefnd vinnur að menningarmálum æskulýðsins í samvinnu við skóla, bæjaryfirvöld og æskulýðsfélög. Nefndin gengst fyrir heilbrigðu og þroskandi tómstundastarfi ungmenna og leitar úrræða til heppilegrar hagnýtingar á starfsgetu unglínga.

**40. gr.**

Stjórn Rafveitu Akraness er skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Rafveitustjóra er skylt að sitja fundi hennar. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kosinn í stjórnina. Rafveitustjórn hefur á hendi stjórn rafveitumála Akraness skv. reglugerð.

**41. gr.**

Brunamálanefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn kjörnir af bæjarstjórn og jafnmargir til vara. Slökkviliðsstjóri eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Nefndin hefur eftirlit með brunamálum kaupstaðarins og slökkviliði og gætir þess, að reglum um brunavarnir sé fylgt.

**42. gr.**

Í stjórn Menningarsjóðs eru kosnir fimm menn og fimm til vara. Stjórnin kys sér formann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Stjórnin annast vörslu sjóðsins og styrkveitingar úr honum.

**43. gr.**

Í heilbrigðisnefnd eru kosnir þrír menn og þrír til vara. Nefndin annast þau málefni sem henni eru falin lögum samkvæmt.

**44. gr.**

Í náttúruverndarnefnd eru kosnir þrír menn og þrír til vara. Nefndin annast þau málefni, sem henni eru falin lögum samkvæmt.

**45. gr.**

Framtalsnefnd skipa þrjú menn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum og reglugerðum um tekjustofna sveitarfélaga.

**46. gr.**

Umferðarnefnd skipa þrjú menn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórninni til ráðuneytis um umferðarmál í kaupstaðnum.

**47. gr.**

Skipulagsnefnd skipa fimm menn og fimm til vara. Nefndin er bæjarstjórninni til ráðuneytis um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

**48. gr.**

Atvinnumálanefnd skipa fimm menn og fimm til vara. Nefndin er bæjarstjórninni til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar.

**49. gr.**

Hverja kjörstjórn skipa þrjú menn og þrjú til vara. Nefndirnar starfa samkvæmt kosningalögum.

**50. gr.**

Bókasafnsstjórn skipa fimm menn. Bæjarstjórn kýs fjóra menn og jafnmarga til vara, en einn er kjörinn af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrir fjóra syðstu hreppa sýslunnar. Bókasafnsstjórn starfar skv. lögum um almenningsbókasöfn.

**51. gr.**

Stjórn námsflokka Akraness skipa þrjú menn, kjörnir af bæjarstjórn og þrjú til vara. Stjórnin skipuleggur og annast rekstur kvöldnámskeiða á Akranesi.

**52. gr.**

Stjórn íþróttahússins skipa fimm menn og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs þrjú menn, Íþróttabandalag Akraness tilnefni einn og skólanefndir grunnskóla og Fjölbautaskóla tilnefna sameiginlega einn mann. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Nefndin fjallar um rekstur Íþróttahússins á Akranesi.

**53. gr.**

Íþróttanefnd skipa fimm menn, þrjú kjörnir af bæjarstjórn og þrjú til vara, en tveir kjörnir af Íþróttabandalagi Akraness. Nefndin fjallar um rekstur íþróttastofnana í eigu kaupstaðarins, annarra en Bjarnalaugar og Íþróttahúss, og er bæjarstjórninni til ráðuneytis um íþróttamálefni.

**54. gr.**

Sundlauganefnd skipa fimm menn. Skulu tveir kjörnir af bæjarstjórn, en þrjú kjörnir af eftirtöldum aðilum, einn frá hverjum: Skipstjórafélaginu, sjómannafélögunum og stjórn Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Sundlaugarnefnd gerir tillögur um ráðningu starfsfólks, viðhald og endurbætur á húseigninni og annað það, sem rekstur laugarinnar varðar.

**55. gr.**

Áfengisvarnarnefnd skipa sjö menn, þar af kýs bæjarstjórn sex menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnarráðs. Starfssvið áfengisvarnarnefndar markast af lögum um áfengisvarnir.

## V. KAFLI

## Um bæjarstjóra.

## 56. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera sá sami og kjörtími til bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið. Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

## 57. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki annað ákveðið um tiltekið mál. Skyld er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtals-tíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

## 58. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

## 59. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 27. gr.

## 60. gr.

Útgjöld sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má ekki greiða nema komi til samþykktar bæjarstjórnar. Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

## 61. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna störfum hans.

## VI. KAFLI

## Endurskoðendur.

## 62. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans. Bæjarfulltrúar eru ekki kjör-gengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum D-liðs III. kafla laga nr. 58/1961. Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt.

## VII. KAFLI

### Um starfsmenn kaupstaðarins.

#### 63. gr.

Bæjarstjórn og bæjarráð skipa fasta starfsmenn kaupstaðarins og veita þeim laun, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum öðrum aðilum fengið eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinn stofnana.

Bæjarstjórn skipar bæjarritara, aðalgjaldkera, aðalbókara, byggingarfulltrúa og forstöðumenn bæjarstofnana, en bæjarráð aðra starfsmenn skv. 1. mgr. Fastir starfsmenn teljast þeir einir, er hlotið hafa skipun skv. 1. mgr. og eru jafnframt félagar í lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar og taka laun skv. kjarasamningi bæjarins við Starfsmanna Akraneskaupstaðar eða sérsamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Áður en skipað er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skulu um ákveðin störf.

Bæjarráð getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins, og sett þeim erindisbréf. Skytt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna á Akranesi nr. 59 14. apríl 1964.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1978.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir kaupstaðinn og ber henni að gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi: